

17-Oct-2013

# Askja 35.1

## What's New overview

Copyright ©2013 TM Software. All rights reserved.

## Atvikaskráningarpakki

### ● Atvikaskráning

Í einingunni „Atvikaskráning“ er hægt að skrá atvik sem sjúklingar verða fyrir og flokkast sem óhappatilvik, mistök, vanræksla eða annað sem veldur (eða hefði getað valdið) sjúklingi tjóni eða haft áhrif á meðferð hans að öðru leyti.

#### Askja - Skýrslur

Nokkrar skýrslur hafa verið búnar til sem taka út helstu skráningaratriði og gefa yfirlit yfir stöðu atvika innan stofnunarinnar. Þær eru:

- Staða atvika eftir dögum
- Atvik skráð á tímabili
- Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokk
- Atvik eftir stöðu, alvarleika og yfirflokk
- Atvik eftir alvarleika, stöðu og yfirflokk
- Atvik eftir yfirflokk, alvarleika og stöðu
- Yfirlit yfir atvik
- Yfirlit yfir atvik - annað
- Yfirlit yfir afleiðingar

Handbók lýsir nánar hvaða skilyrði liggja að baki hverri skýrslu, þ.m.t. röðun sem er t.d. stundum fyrirfram ákveðin og stundum í algengisröð. Ein skýrsla hefur verið aðlöguð sérstaklega að sjálfvirkum sendingum, það er skýrslan „Atvik skráð á tímabili - sjálfvirk keyrsla“ en hún sést almennt ekki í lista yfir skýrslur. Hún hefur sjálfgefið tímabil ein vika í stað eins mánaðar og þarf að setja upp á ákveðinn hátt ásamt stillingum fyrir sjálfvirkar sendingar. Hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá leiðbeiningar eða aðstoð við uppsetningu.

Ekki er öll starfsemi heilbrigðisstofnana eins á landsvísu og viðbúið að vaktir byrji og endi ekki endilega á sama tíma. Skýrslan „Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokk“ flokkar atvik eftir dagshlutum sem skilgreindir eru því á hverjum stað fyrir sig. Dæmi um dagshluta eru dagvakt, kvöldvakt og næturvakt eða morgunn, eftirmiðdagur, kvöld og nótt. Þetta má skilgreina að vild skv. ákveðinni grunnreglu sem er lýst hér á eftir, en vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá aðstoð við uppsetningu þessara skilgreininga, a.m.k. í fyrsta sinn sem það er gert.

Grunnregla við skilgreiningu dagshluta er sú að einn dagshluti tekur við af öðrum án þess að skarast. Þetta þýðir að ef dagvakt er t.d. frá 07:30 til 15:30 og kvöldvakt frá 15:30 - 23:30, þá er skilgreiningin gerð á eftirfarandi hátt: Dagvakt: 07:30 - 15:29; kvöldvakt: 15:30 - 23:30 o.s.frv. Annars kemur villa við gagnainnlestur.

#### Askja - Gagnateningur

Hægt er að draga gögn saman á margvíslegan hátt í Excel með því að tengjast gagnateningi sem inniheldur allar lykilupplýsingar úr atvikaskráningu.

tt#49009,tt#49010,tt#49011,tt#49012,tt#49013,tt#49014,tt#49015,tt#49016,tt#49017,tt#49018,tt#49019,tt#49020,tt#49021,tt#49990,tt#50210,tt#51281,tt#51511

## Klínískur kubbur

### ● Klínískur kubbur

Tengingar hafa verið betrubættar svo nú ætti að vera hægt að draga saman allar víddir og mælingar í kubbinum.

tt#51292,tt#51295

## Ung- og smábarnavernd (Skýrslur)

- Ungbarnavernd

-----

Hægt er skrá sögu brjóstagjafar í 4 ára skoðun, eins og öðrum hefðbundnum skoðunum.

Askja - Skýrslur

-----

Ung- og smábarnavernd - Brjóstagjöf:

Upplýsingar um brjóstagjöf úr kaflanum Mælingar / Næring í 4 ára skoðun kemur nú fram í skýrslunni „Brjóstagjöf“ líkt og í öðrum skoðunum.

ac#37925,tt#49575,tt#49576

## Ung- og smá-pakki

- Ung- og smábarnaverndarskýrslur

Fyrsta vitjun telst nú vera sú vitjun sem farið er í til barns allt að 6 vikna aldri. Þegar barnið hefur náð þeim aldri er það komið inn í staðlað skoðanaferli og því þótti við hæfi að víkka mörkin fyrir það hvað flokkast sem fyrsta vitjun til að barnið lendi ekki í skilgreiningagapi og teljist aldrei í fyrstu vitjun.

tt#51226